

Nr. 21-116 S 073 Dóri GK 42

Skipverji slasast hendi

Skipaskr.nr. 2604
Útgerð: Nesfiskur ehf.
Smiðaður: Samtak, 2003, trefjaplast.
Stærð: 20,95 BT.
Mesta lengd: 13,39 m *Skráð lengd:* 11,81 m
Breidd: 4,09 m *Dýpt:* 1,44 m
Vél: Caterpillar, 253 kw, 2003.
Fjöldi skipverja: 4



Dóri©Haflþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. febrúar 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. ágúst 2021 var Dóri GK 42 á línuveiðum út af Norðurlandi. Veður: A 7-8 m/s.

Þegar skipverjar voru að leggja línuna kræktist einn krókurinn í löngutöng hægri handar eins þeirra og sat fastur. Siglt var með slasaða til Siglufjarðar.

Atvikið hefur verið skráð.